44. Ýmis viðurnefni.

3 blöð qto.

Byggðalögin austur þar, og jafnvel einna helzt þau, er að sjónum liggja, voru ekki laus við hinn ljóta sið, að „uppnefna fólk," sem kallað var. Löður þessi var nokkuð almennur fyrir mína daga og einna mestur um miðja öldina, enda kvörtuðu menn undan þessu og kom það til rannsóknar prófasts o. fl. manna, og lagðist þá niður. Hinsvegar héldust nöfnin við þá, sem þau höfðu hlotið, þó eigi svo, að þau væri skrifuð eða skjalfest, enda flest þeirra svo kjánalega mynduð og klúr, að eigi varð vitað við hvað þau áttu, annað en það, að skerða álit þess er hlaut, og jafnframt skemmta þeim sem gaf af gnægð hins illa innrætis síns, heimsku og hroka. Nöfn þessi héldust við lýði nokkuð fram á fyrstu áratugi æfi minnar, en ávalt þótti það hvimleið og „grátt gaman", enda lögðust nafngiftir þessar niður, að öðru leyti en því, að þær vildu loða við menn þá, er þau höfðu hlotið alla æfi síðan og afkomendur þeirra í nokkra liðu. Sögnin, að uppnefna einhvern þótti vera ljótt og því voru nafngiftir þessar álitnar að vera ávöxtur ills innrætis, heimsku og hroka, enda fengu þær og ýmiskonar önnur nöfn, svo sem: hótfyndinöfn, kerskni- og kláms-orð eða nöfn. Til þess að sýna þeim og tegundunum enn meiri fyrirlitningu og til hugðarefnis í því, að velja þeim viðeigandi þýðingu, voru þau nefnd erlendum nöfnum m. a. bínöfn, og því var sögnin, að „bínefna" svo oft notuð, (dregið af danska nafninu Binavn), eða þá að vera „spiss-fyndugur" (af þýzka nafninu Schimpf-Spitz, en svo er og annað þýzkt nafn til: Ekelname eða viðbjóðs- leiðinda- ófullkar og andstyggðarnafn. Á ensku: Nickname og á frönsku: sobriquet [fr. sóbrike].

Þótt eigi sé það til þess að afsaka neinn, þá var það nú svo og er enn, að um þessar slóðir voru uppi (og eru enn) fjöldi manna er heita Jón og til aðgreiningar

í þeim tilfellum nöfnum fundist, að þeir yrði að hafa hver sér einkenni, enda
hlutu margir þeirra þessi virðulegu(!) nöfn, því stundum var og oft menn að nafni Jón
Jónsson á sama bænum, sonur eftir o.s.frv. og varð því að aðgreina þá með ein-
kenni, að m.fl. með því að nefna einn þeirra eldri-Jón eða elsta, mið-Jón annan
og hinn þriðja yngsta-Jón eða yngri-Jón ef tveir bræður voru, eins og t.d. í Kotta-
stöðum, þar sem Jónarnir voru stundum 4 eða 5 samtímis, án þess að þeir væri með
nöfnum auknefnum aðgreindir en þeim, er að ofan getur: Elsti-, mið- og yngsti.
Stundum varð að fara einhverjar leiðargötur til þess að ná í aðgreinandi auk-
nefni, t.d. til bræðra, systra eða frænda, svo sem Jón Gosabróðir, (Jón, bróðir Gott-
sveins) Helgu-Jón (Hansson, Hansínar pósts) eða Jón Gamlason (Gamalíelsson)
(Litli) Jón í Höfninni, Jón í Kottsstöðum (venjul. átt við hinn elsta) Jón í Mókrísum
og ótal fleiri, sem kenndir voru við bæ sinn eða stað, sem eigi verða talin

hittyndisnöfn. svo sem:

x Jón Vindur eldri, því hann var lengi á Vindheimum í Ölvesi.

x Jón Vindur yngri, sonur hans, sem „erfði" nafn föður síns.

x Jón Frí eldri, frá Fragerði.

M x Jón Frí yngri, sonur hans, ~~frá vaðarnum hans~~ og lengi formaður á Eyrarbakka.

Jón Snjalli, frá Snjallsteinshöfða í Landsveit.

En svo fara þau að verða annars eðlis:

Jón hvíti, (Magnússon) frá Lindarkoti og síðar í Nýjabæ

x Jón Strompur (Gamli Strompur)

x Jón Strompur (Litli — " — ) í Eyvakoti

x Jón Þerri

x Jón Kólera (í Litluháeyri)

x Jón í Hljóðum (í Hellukoti), talaði oft hátt og í hljóði við sjálfan sig.

x Jón Skalli í Hæringsstöðum

Jón halti í Gaulverjabæ

Jón söngur í Gerðum (afi Óttarstaða-Bjarna, Arons og Friðriks)

x Jón blái í Vötnúlakoti

Jón boli (Erlendsson) úr Hrunamannahreppi.

x Jón svarti í Einarshöfn

Jón böðull í Norðurkoti

x Jón í Koti o: — " —, sonur hans

Jón vaktari í Steinsstöðum

x Jón bakari í Einarshöfn

Jón dreyjari í Steinsstöðum

x Jón sterki í Litlu-Háeyri

x Jón litlisterkur, — " —, sonur hans

x Jón smali í Óseyrarnesi

Jón Gosabróðir ([illegible]

---

Þeir, sem merktir eru með x voru allir Þórseyingar